

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, Drekafellir 40.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. janúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, Drekafellir 40 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að hámarkshæð húss lækkar úr 10,5 m í 8 m og jafnframt breytist leyfilegur þakhalli. Leyfilegt er að útitröppur nái að lóðarmörkum aðliggjandi lóðar. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. janúar 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2008